

Xiang-ji-hof (hof vaxandi ilms) sótt heim¹

Ég veit ekki hvar hofið er en klifið hef ég ófáa skýjum krýnda tinda.

Ævafornt rétt, hér er enginn á ferð, og í djúpinu óma bjöllur.

Lækur gjálfrar við eggjagrjót undir húmgráum skuggum furutrjáa.

Í rökkriinu við hylinn, í hljóðri setu, vinn ég bug á eiturnöðrum.

《過香積寺》

不知香積寺，數里入雲峰。古木無人徑，深山何處鐘。
泉聲咽危石，日色冷青松。薄暮空潭曲，安禪制毒龍。

Jón Egill Eyþórsson þýddi úr fornkínversku

1 Ljóðin eru þýdd eftir texta í: Chen Shuyuan, ritstj., Zhongguo Gudian Shici Shangdu Congshu: Wang Wei, Wuzhou- forlagið, Peking, 2005, Xiang-ji-hof bls. 117, Dádýrsgerði bls. 79 (中国古典诗词精品赏读丛书: 王维 / 陈殊原编著 北京: 五洲传播出版社, 2005). Nafn hofsins Xiang-ji 香積 (uppsafnaður og vaxandi ilmur) kemur úr Vimalakirti-sútrunni 維摩經. Sútra þessi var Wang Wei svo kær að hann tók sér skáldanafnið Mojie Jushi 摩诃居士 sem gerði honum kleift að mynda úr því og eigin nafni sínu nafn sútrunnar (á kínversku Weimojiejing 維摩詰經). Xiang-ji香積 er nafn á Búddha sem dvelur á ódáinsakri meðal herskara angandi Bodhisattva. Á Tang 唐 tímanum stóð hof með þessu nafni í fjallendi nálægt höfuðborginni Chang An 長安. Það hefur verið endurreist nokkrum sinnum. Í seinustu línunni vísar hljóð seta til zen-hugleiðslu og eiturnöðrum vísa til ókyrrðar auðginnts hugans.